

Skýrsla formanns umhverfisnefndar Skugga 2016

Hreinsunardagur var haldinn óvenju seint þetta árið eða mánudaginn 11. júlí og var ástæða seinkunarinnar var Íslandsmót ungmenna en við töldum átakið nýtast best fyrir mót. Smárusl var óvenju lítið á svæðinu og er fólk hvatt til þess að grípa það með sér jafnóðum.

Vinnuskóli

Stjórn félagsins fékk vinnuskólann til þess að vinna ýmis fegrunarverk fyrir Íslandsmótið og er það fyrirkomulag sem væri gott að nýta á hverju ári hvort sem það eru fyrirhuguð stórmót eða ekki

Skítamál

Hnykkja á því að það er komið í lög að allar skítaþrær séu yfirbyggðar, lítið gerist

Drasl í hverfi

Hverfið er nokkuð gott en það ber svolítið á stærra drasl og bílhrae eiga tildæmis ekkert erindi í hverfið og við hvetjum fólk til þess að lesa samþykktina um hverfið á vef Borgarbyggðar

Kerru-og rúlluplön

Kerruplanið er orðið með ágætum en mikilvægt að halda því snyrtilegu og það er geymslusvæði fyrir hestakerrur á númerum en ekki aflóga rusl. Sama gyldir um rúlluplanið sem einnig hefur verið bætt en mætti bæta enn betur

Gróðursetning

Hugmyndir hafa verið á borðinu um skeið að frekari gróðursetningu á svæðinu en hafa s trandað á skipulagi

Hús og gerði

Það var sendur út póstur á félagsmenn í vor þar sem sett var út á ástand gerða og þá sérlega í neðrahverfinu. Þessi póstur fór fyrir brjóstið á einhverjum sem hafa þá væntanlega tekið hann til sín og var sett út á það að ekki hefði verið haft samband við þá beint. Kommon það er búið að ræða þessi mál hér í mörg ár og nokkur gerði eru orðin hættuleg hestum og mönnum.. Ef við ætlum að eiga snyrtilegasta hesthúsahverfi landsins þá verða allir að taka þátt. Við höfum fengið bæði Húsasmiðjuna og Kaupfélagið til þess að vera með afslætti fyrir félagsmenn á málningu bæði á hús og gerði og einhverjir hafa nýtt sér það en það mættu fleiri gera það. Það hafa komið upp hugmyndir um það hvort félagið eigi að kaupa málningu á húsín í hverfinu sér í lagi þegar stórmót eru haldin svo ört hér og það kann að vera eina lausnin en mér hefði persónulega fundist skemmtilegra að sjá peninga félagsins notaða í frekari uppbyggingu

Guðmundur Skúli Halldórsson